

## REGLUGERÐ KSÍ um aðgönguskírteini

### 1.gr.

#### *Gerðir skírteina*

- 1.1. Knattspyrnusamband Íslands gefur út eftirfarandi aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að knattspyrnuleikjum sem hér segir:  
Aðgönguskírteini A, sem gildir á alla leiki.  
Aðgönguskírteini LD, sem gildir á leiki í Pepsi-deild karla.  
Aðgönguskírteini 1D, sem gildir á leiki í 1. deild karla.  
Aðgönguskírteini 2D, sem gildir á leiki í 2. deild karla.  
Aðgönguskírteini KV, sem gildir á leiki í Pepsi-deild kvenna.
- 1.2. Knattspyrnusambandið skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini.
- 1.3. Framkvæmdaraðili leiks getur krafist þess, að réttthafar skírteina sæki aðgöngumiða gegn framvísun skírteinis og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf. Slíkt fyrirkomulag skal auglýst í fjölmiðlum.

### 2.gr.

#### *Réttthafar skírteina*

- 2.1. Aðgönguskírteini A skal gefið út til stjórnar, fastanefnda, áfrýjunardómstóls KSÍ, starfsmanna, eftirlitsmanna og deildardómara KSÍ, forseta ÍSÍ, fyrrverandi formanna KSÍ og formanna knattspyrnudeilda sem taka þátt í landsdeildum
- 2.2. Aðgönguskírteini A skal gefið út til lands-, héraðs- og unglingadómara, sem luku a.m.k. 15 störfum árið áður eða 20 störfum á undangengnum tveimur árum. Unglingadómarar á fyrsta starfsári skulu þó fá aðgönguskírteini A að loknum 10 störfum.
- 2.3. Aðgönguskírteini sem gilda einungis á deildaleiki skal gefið út til leikmanna, starfsmanna og stjórnarmanna hvers félags, alls 30 skírteini á félag á leiki í viðkomandi deild. Einnig er heimilt að gefa út 10 skírteini til stuðningsaðila viðkomandi deildar.

### 3.gr.

#### *Notkun skírteina*

- 3.1. Aðgönguskírteini gildir aðeins fyrir réttthafa þess. Aðeins skal gefa út eitt aðgönguskírteini á einstakling.
- 3.2. Misnotkun skírteinis getur haft í för með sér innköllun á því. Óheimilt er að gefa út önnur aðgönguskírteini, sem gilda um allt land, en um er getið í þessari reglugerð.
- 3.3. Einstök knattspyrnuráð (héraðssambönd) geta gefið úr aðgönguskírteini sem gilda á eigin leiki í viðkomandi héraði.

### 4.gr.

#### *Útgáfa*

- 4.1. Skrifstofa KSÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði KSÍ. Skírteini verður aðeins afhent eftir að mynd af viðkomandi hefur borist skrifstofu KSÍ. Félög skulu senda skrifstofu KSÍ nafnalista og myndir fyrir 1. maí ár hvert.

### 5.gr.

#### *Gildistaka*

- 5.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini.

*Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007 með síðari breytingum*